

Jarðhitaleit í Hólmavíkurbænum 1999

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-99-19

Jarðhitaleit í Hólmavíkurbreypti 1999

Frám til árs 1999 höfðu verið boraðar 9 hitastigulsholur í Hólmavíkurbreypti milli Víðidalsár og Grjóttár, þar af er ein gömul hola, 100 m djúp. Hitastigull í þeim flestum er milli 60 og 70°C/km, sem líta má á sem meðalgildi landshlutans þar sem áhrifa frá jarðhitakerfi gætir ekki. Óveruleg frávik komu fram innan við Bjarnavík - til hækkunar og vestast í þorpinu - til lækkunar.

Nokkrar eyður voru enn í mynd þeirri sem lá fyrir af hitastigli á svæðinu kringum Hólmavík. Þær voru annars vegar norðan við Hólmavík þar sem eru áberandi brotalínur, hins vegar á suðurmörkum hreppsins. Þegar jarðhitaleitin hófst var við það miðað að kanna svæði sem einungis næði um 5 km út frá Hólmavík. Landslagið veldur því að flestar holurnar eru nærri ströndinni. Sunnan marka kortsins eru hitastigulsholur sem Kirkjubólshreppur lét bora. Hitastigull í þeim er svipaður og í Hólmavíkurbreypti.

Haustið 1999 voru ákveðnir fjórir nýir borstaðir samkvæmt þeim ábendingum sem fram komu í greinargerð frá í des. 1998. Staðirnir eru þessir:


1. Nærri sjó norður frá Hólmavík við misgengi sem liggur NNA-SSV um Kálfanesborgir.
2. Nærri sjó utan við Ós í framhaldi af allstóru og áberandi misgengi með NA-SV-stefnu sem liggur yfir Ósfell.
3. Í mynni Ósdals á brotasvæði sem liggur inn eftir Ósdal.
4. Nærri stöðvarhúsi Þverárvirkjunar. Sá staður var valinn með tilliti til NV-SA-misgengja sem þangað stefna úr hálsinum ofan við Víðidalsá.

Á öllum stöðunum er klöppin upp úr eða örgrunnt á hana. Reiknað var með 50 m djúpum holum.

Í desember 1999 voru þessar fjórar hitastigulsholur boraðar. Hitastigull reyndist lágur í þeim öllum, þ.e. á bilinu 60-70°C líkt og í eldri holum. Einsýnt er því eftir þennan lokaáfangi að heitt vatn er tæpast að finna innan 5 km frá Hólmavík þar sem láglent er.

Með þessari greinargerð fylgir staðsetningarkort af öllum hitastigulsholunum. Stigullinn sem reiknaðist í þeim er skrifaður við. Hitaferlar úr síðustu fjórum holunum fylgja með. Tvær af þeim eru truflaðar af rennsli, en botnhitinn er réttur. Yfirborðshiti er þekktur úr eldri holunum og hitastigullinn áætlaður út frá honum í þeim holum sem eru rennslistruflaðar.

Kristján Sæmundsson






21-des-1999


jbe s=41221

Þiðriksvalladalur ÞV-01 Strandasýsla



21-des-1999
jbe s=41206


Hólmavík HR-06 Rostungsklettur Strandasýsla





21-des-1999
jbe s=40784

Ytriós YÓ-04 Við sjó Strandasýsla





21-des-1999
jbe s=40785

Ytriós YÓ-05 Ósdalur Strandasýsla

